

Föstudagurinn 20. desember 1996 kl. 13:30

84. fundur Samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 45/1996

**Beiðni Félags eggjaframleiðenda um að fá undanþágu
til að gefa út leiðbeinandi verð á eggjum**

I.

Erindið

1.

Í erindi frá 21. nóvember sl. óskar Félag eggjaframleiðenda eftir undanþágu frá samkeppnislögum til að gefa út fyrir félagsmenn skrá með leiðbeinandi verði á eggjum og vinna að ýmsum sameiginlegum hagsmunamálum. Gegn samþykki erindisins er félagið reiðubúið að falla frá opinberri verðlagningu á eggjum samkvæmt búvörulögum.

2.

Til stuðnings erindinu bendir Félag eggjaframleiðenda m.a. á að eggjaframleiðendum sé ekki skylt að vera í félaginu og að þeir séu ekki allir félagsmenn. Félagið telur því ekki vera komið í veg fyrir verðsamkeppni þó að félagsmenn reyndu að fylgja hinu leiðbeinandi verði. Þrátt fyrir að í gildi sé opinber verðlagning á eggjum og samstarf eggjaframleiðenda hafi verið náði er að sögn félagsins nokkur samkeppni á markaðnum þar sem nokkurt offramboð sé á eggjum. Bent er á að virkt kvótakerfi í eggjaframleiðslu sé ekki lengur í gildi.

Í lok erindis Félags eggjaframleiðenda er vitnað til þess að félagið telji undanþágu til handa eggjaframleiðendum uppfylla skilyrði í a-lið 16. gr. samkeppnislaga þar eð ætla megi að samkeppni aukist við það að opinberri verðákvörðun verði hætt. Fáí félagið undanþágu til útgáfu leiðbeinandi verðlista og annars samstarfs sé um að ræða tilraun til að fara gætilega og skynsamlega í þá átt að auka frelsi og samkeppni í þessari grein.

3.

Áður en Samkeppnisstofnun barst erindi Félags eggjaframleiðenda hafði stofnuninni borist fyrirspurn, dags. 6. nóvember sl., frá sjömannanefnd sem skipuð er fulltrúum vinnuveitenda, launþega og bændasamtaka ásamt fulltrúum landbúnaðarráðuneytisins. Í fyrirspurninni er leitað álits á því hvort til greina komi að veita undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga til handa framleiðendum eggja og kjúklinga í tengslum við að fella úr gildi opinbera verðlagningu á umræddum afurðum.

Fyrirspurnin var rædd á fundi Samkeppnisráðs þann 12. nóvember og kom þar fram jákvæð afstaða hjá öllum ráðsmönnum til fyrirspurnarinnar. Sjömannanefnd var gerð grein fyrir því.

II.

Niðurstaða

1.

Samkvæmt 8. gr. laga nr. 99/1993 um framleiðslu, verðlagningu og sölu búvara er sexmannanefnd skylt að verðleggja búvöru fari Bændasamtök Íslands og samtök framleiðenda þess á leit. Í þeim tilvikum er með lögum komið í veg fyrir verðsamkeppni milli framleiðenda því að ekki má selja búvöru sem sexmannanefnd verðleggur á öðru verði en nefndin ákveður, sbr. 1. mgr. 18. gr. laga nr. 99/1993.

Hvað varðar erindi Félags eggjaframleiðenda þá hyggst félagið falla frá ósk um opinbera verðlagningu á eggjum verði félaginu veitt undanþága frá bannákvæðum samkeppnislaga til að gefa út leiðbeinandi verð og hafa annað samstarf er tengist hagsmunum félagsmanna.

2.

Í 16. gr. samkeppnislaga hefur Samkeppnisráð heimild til að veita undanþágu frá bannákvæðum samkeppnislaga ef samkeppni eykst á viðkomandi markaði, vænta megi þess að jákvæð áhrif samkeppnishindrana vegi þyngra en ókostir þeirra eða sérstakar ástæður er varða almannaheill séu fyrir hendi.

3.

Það er mat Samkeppnisráðs að tímabundin undanþága frá bannákvæði a-liðar 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr., til handa Félagi eggjaframleiðenda geti í ljósi þess að afurðir þeirra eru nú háðar opinberri verðákvörðun, fallið að skilyrðum a- og b-liða 16. gr. samkeppnislaga.

Þegar litið er á að undanþágan er liður í því að hverfa frá opinberri verðstýringu á eggjum til frjálsrar samkeppni í viðskiptum með egg er undanþága frá a-lið 10. gr. samkeppnislaga í samræmi við markmið laganna, sbr. 1. gr. þeirra.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með vísan til skilyrða í a- og b-liðum 16. gr. samkeppnislaga ákveður Samkeppnisráð að heimila Félagi eggjaframleiðenda undanþágu frá a-lið 10. gr. samkeppnislaga, sbr. 12. gr., til að gefa út leiðbeinandi verð á eggjum til framleiðenda eggja. Undanþágan er veitt í ljósi þess að opinberri verðlagningu á eggjum samkvæmt búvörulögum verði jafnhliða hætt. Undanþága þessi verður tekin til endurskoðunar einu ári eftir að hún tekur gildi. Meðan undanþága til útgáfu leiðbeinandi verðs gildir skal Félag eggjaframleiðenda tilkynna Samkeppnisstofnun allar verðbreytingar í síðasta lagi þegar þeim er ætlað að taka gildi.“